

## LISTIR

## Tímalaus ádeilumeistari

## MYNDLIST

Kenjarnar – Los Caprichos eftir Francisco de Goya

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI

Safnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 12–17. Sýningin stendur til 4. júlí.

LOS Caprichos, eða Kenjarnar, eftir Francisco José de Goya y Lucientes (1746–1828) eru meðal fjölmargra þekktra verka þessa spænska listamanns. Koparstungur af fyrstu útgáfu Kenjanna 80, sem nú er að finna í Listasafninu á Akureyri og fengnar voru að láni frá Svartlistasafni Spánar í Madrid, tilheyra verðmætustu útgáfu Kenjanna, þeirri einu sem framleidd var á ævi Goya sjálfs og sú útgáfa sem vegna eðlislaugs slits koparplatananna varðveitir hvað best styrk línu-teikningar ætingarinnar sem og fjölbreytileg blæbrigði flataætingarinnar. Myndunum hefur verið skemmtilega fyrirkommið í Listasafninu á Akureyri og ekki að sjá að þessar íronísku ádeilumyndir sem fyrst voru framleiddar 1799 hafi tapað neinu af krafti sínum eða að þær eigi síður við nú en þá, rúmum 200 árum síðar.

Goya hefur gjarnan verið kallaður fyrsti „nútíma“ listamaðurinn, m.a. vegna vinnubragða sinna og hugleiðinganna sem að baki mörgum verka hans liggja. Hann var t.d. sakaður af sumum gagnrýnendum um að „ljúka“ ekki myndum sínum – um að taka áhrif verkanna fram yfir vandvirknina. Það eru hins vegar skoðanir og hugleiðingar Goya sem koma áhorfendum fyrir sjónir í Listasafninu á Akureyri, en með Kenjunum tjáir listamaðurinn hugarheim sinn, skoðanir, áhyggjur og efasemdir um mannlegt eðli og þjóðfélagslegið í kringum sig.


## Hagsýnn og hæfileikaríkur

Þegar Kenjarnar eru skoðaðar er vert að hafa í huga að heimurinn og heimsmyndin tóku örum breytingum á ævi Goya. Sjálfur þjónaði hann þremur konungum Spánar og samtíðarmönnum þeirra, þeim Karli III (1759–88), Karli IV (1788–1808) og Ferdinand VII (1808, 1814–33) – en undir harðstjórn þess síðarnefnda þurfti Goya m.a. að svara til saka hjá spænska rannsóknarréttinum.



Fötin skapa manninn.

Listamaðurinn starfaði þá fyrir frönsku herstjórnina, auk þess að kynna ringulreiðinni og öngþveitinu sem fylgdi spænska hluta Napóleonstríðanna, spænski þingstjórn og svo að sjálfsgöðu Upplýsingunni og hugmyndafræði hennar. Goya sýndi sig líka fyrst og fremst vera hagsýnan en óumdeilanlega hæfileikaríkan listamann. Hann var einstaklega afkastamikill, gat sér gott orð sem portrett listamaður og störf hans við hirðina öfluðu honum hirðmálara titlanna Pintor del Rei, 1786, og Primer Pintor de Cámara aðeins þremur árum síðar. Og þó Goya fari vissulega að sinna persónulegum áhugamálum sínum innan myndlistarinnar í auknum mæli eftir að hann missti heyrnina 1793 gerði hann lítið af því að hafa hátt um stjórnmalaskoðanir sínar og sýnir sig meðvitáðan um þá staðreynd að myndlistin var lífþráð hans, þó margt í verum á borð við Kenjarnar bendi til þess að þar hafi verið á ferð varfær, en sjálfstæður, hugsuður sem ekki stóð á sama um þjóðfélagslegið í kringum sig. Þessi varfærni Goya kemur líka skýrt fram í hugleiðingum hans varðandi innangangsmynd Kenjanna. Upphaflega ætlaði hann að fíra sig vissri ábyrgð og skýla sér bak við fantasíuveröld draumanna með því að hafa sem inngang verksins myndina,



Fram í andlátíð.

er síðar varð nr. 43 í röðinni, Ef vitið sofnar vakna ófreskjur. Þar sefur listamaðurinn fram á skrifborð sitt og á meðan meðvitundarleysið lætur skynsemina lönd og leið bregður óáran draumaheimanna á leik.

Fyrsta mynd í endanlegri útgáfu Kenjanna varð hins vegar sjálfmynd af listamanninum, hefðbundið portrett sem sýnir Goya horfa alvarlegum og ábyrgðarfullum augum út úr myndfletinum í hlutverki áhorfanda og þjóðfélagsþýðanda. Myndvalið er ekki hvað síst áhugavert í ljósi ábyrgðarinnar sem listamaðurinn þar með axlar á myndefninu og skoðunum sem þar koma fram, þrátt fyrir að gera sér grein fyrir þeim óra sem þær kynnu að valda hjá yfirvöldum. Þetta sýnir líka kannski öðru fremur styrka stöðu þessa listamanns sem talinn hefur verið áhrifamesti listamaður Spánar á síðasta fjórðungi 18. og fyrsta fjórðungi 19. aldar.

## Engum eirt

Hugmyndirnar og gagnrýnin sem fram kemur í Kenjunum eru líka óumdeilanlega um margt ef ekki byltingakenndar þá a.m.k. róttækar og listamaðurinn eirir engum. Þannig verður þjóðfélagsstaða kvenna Goya til að mynda víða að viðfangsefni og ekki laust við að stúlkurnar njóti samúðar listamannsins í verkum nr. 2, 14 og 32, auk þess sem fyrst nefndu verkin tvö draga, líkt og fleiri, fram mynd af frekar nútímalegum hugsuði. Þannig bendir mynd nr. 2, Þær segja „já“ og gefa hönd sína þeim fyrsta sem býðst, t.d. til þess að Goya hafi haft sitt hvað að athuga við viðtekna hefðir tengdar gjafiröð kvenna, en myndin sýnir stúlku með svarta augngrímu otað fram af gömlum og lítt frýnilegum kerlingum líkt og hún sé leidd til aftöku á meðan almenningur skemmtir sér. Mynd nr.14, Hvílik fórnarlund!, byggist þá á svipuðu þema. Hér gefa fátækir foreldrar unga og fagra dóttur sína efnuðum kroppinbak og þótt ráðahagurinn sé þeim ekki með öllu sársaukalaus hefur neyðin og græðgin yfirhöndina. Mynd nr. 32, Vegna þess að hún var viðkvæm, slær hins vegar á enn tilfinninganæmari strengi og einkennist fyrir vikið af meiri mykt en

flestar myndanna. Handrit L. í Pradosafninu lýsir viðfangsefninu eflaust hvað best. „Vesalings gálausu stúlkurnar lenda í fangelsi eftir að hafa orðið þungaðar vegna eðlisbundinnar viðkvæmni.“ Konur fá hins vegar alls ekki alltaf jafnsamúðarfulla meðferð hjá Goya líkt og verk nr. 19, 20, 22 og 55 eru öll ágætis dæmi um. Þannig fá gleðikonur, og reyndar viðskiptavinir þeirra líka, það óþvegið í verkum nr. 19, Allir falla þeir, og nr. 20, Nú fara þeir reyttir, á meðan misjöfn örlög tengd stéttarstöðu frekar en sómakærum lífnaðarháttum verða listamanninum að viðfangsefni í mynd nr. 22, Stúlkukindurnar. Háðskt viðhorf listamannsins til hégómagirndar er af öðrum, en alls ekki ógagnrýnum toga, líkt og mynd nr. 55, Fram í andlátíð, er skemmtilegt dæmi um. Hér gerir öldruð kerling sitt besta til að viðhalda æskuljómanum með stelpulegum hatti og góðum árangri að eigin mati á meðan háðsk æskan fylgist með.

Líkt og áður sagði eira Kenjar Goya engum. Drukni kaupmaðurinn sem brennir ofan af sér húsið (verk nr. 18, Og húsið hans brennur) fær að kenna á gagnrýni listamannsins ekki síður en listunendurnir sem ekki stíga í vitið, líkt og verk nr. 38, Alveg frábært!, er gott dæmi um. Þar klappa asni og ófrýnilegir kumpánar hans apa lof í lófa fyrir að leika á bakhlið gítars. Listamaðurinn sjálfur veitir þá ekki síður á sér höggstað eins og sjá má í mynd

nr. 41, Hvorki of eða van. Þar malar api portrett af asna og hér er háðinu beint gegn apanum, Goya, sem malar eftir þöntun og lagfærir það sem miður fer, í þessu tilfelli með því að fela asnaeyrun undir voldugri hárkollu.

Trúarbrögð, kirkjan og kirkjunnar menn og barnauppleidi eru aðeins nokkur dæmi til viðbótar sem nefna má, s.s. hin skemmtilega Fötin skapa manninn (nr. 52) sem sýnir almenning biðja til vel klæddrar fuglahræðu líkt og um guð væri að ræða. Enginn er svo fullkominn að vera yfir gagnrýni hafinn.

Það er kannski ekki hvað síst þessi eiginleiki ádeilunnar sem gerir hana jafnaðgengilega og heillandi og raun ber vitni. Það er hægt að finna höggstað á öllum. Kenjar Goya kunna að hafa byggt á mörgum ólíkum háðsádeiluhæfðum, sem listamaðurinn gat fundið á jafnólíkum stöðum og í spænskum bókmenntum, evrópskum skopteikningum, ekki síður en listhefðum og tungutaki alþýðu manna. Það er heldur ekki laust við að Kenjarnar geymi þætti í anda *charivari* – heimsmyndar á hvolfi – evrópskrar miðaldahefðar sem á djúpar rætur í þjóðfélagsgagnrýni og höftum. En þessi síðastnefndi þáttur á e.t.v. ekki hvað síst við í þeim tilvikum þar sem Goya skiptir mönnum út fyrir skepnur, s.s. í fyrrnefndum verkum nr. 38 og 41, sem og í seinni hluta myndraðarinnar þar sem ófreskari verur taka á köflum að því er virðist völdin af meistaranum. Mynd nr. 62, Hver hefði trúað slíku, er gott dæmi um verk þar sem listamaðurinn virðist gefa ofsanum lausan tauminn. Hér berjast ófreskjur naktar á steini á meðan enn óhugnarlegri skrímsli sækja að þeim bæði að ofan og neðan og verk nr. 49, Skottur, sýnir þá ekki kraftminni krítík í garð kirkjunnar manna.

Skilningur á viðfangsefnum Kenja Goya kann í sumum tilfellum að vera okkur glataður í dag, líkt og segja má um verk nr. 46, Leiðréttingu. Og þótt verkin hafi efalltíð flest hver haft beinni tilvísanir til samtíðarmanna hans er með öllu óvíst að myndirnar hafi talað jafnskýru máli til allra, eða yfirhöfuð verið allar jafnaðlæsilegar. Flestar byggjast þær vissulega á þankagangi og íróníu sem nær yfir landamæri bæði tíma og rúms, sem útskýrir ekki hvað síst áframhaldandi vinsældir þeirra. Kenjarnar seldust í takmörkuðu upplagi þegar þær voru fyrst gefnar út, en áttu engu að síður eftir að auka orðstír Goya á alþjóðavettvangi. Hann átti t.a.m. eftir að hafa áhrif á ekki ómerkari listamenn en Eugène Delacroix, Édouard Manet, Paul Cézanne, Pierre Auguste Renoir, Vincent van Gogh og Henri de Toulouse-Lautrec svo dæmi séu tekin. Koma myndanna hingað til lands er því ómetanleg og á Listasafnið á Akureyri hrós skilið fyrir framtak. Fjölmargar eftirprentanir eru vissulega til, en færstar ná fram skýrleika frummyndanna sem margar hverjar eru uppfüller af fínlegum smáatriðum og frásagnarþáttum en týnst hafa í seinni tíma prentunum, sem fyrir vikið búa ekki yfir sama styrk. Heimsóknin til Akureyrar er því fyllilega ferðarinnar virði, enda jafnast fátt á við að skoða frummyndir kenja þessa hárbeytta spænska meistara með eigin augum.

Anna Sigríður Einarsdóttir

## Konsertmeistari í 30 ár

ÍSLENSKA ÓPERAN 18. MAÍ

## TIL HEIÐURS GUÐNÝJU

## Guðný Guðmundsdóttir leikur Árstíðirnar eftir Vivaldi með nemendum sínum

Konsertmeistari: Ari Þór Vilhjálmsson

## Frumflutningur á tveimur nýjum íslenskum verkum eftir Áskel Másson og Karólínu Eiríksdóttur.

Selló: Gunnar Kvaran  
Píanó: Nína Margrét Grímsdóttir

Miðasalan opin kl. 10-18 og kl. 12-16 um helgar  
Bankastræti 2, s. 552 8588 og á [www.artfest.is](http://www.artfest.is)



Listahátíð í Reykjavík

## Listahátíð í Reykjavík

## Listahátíð Reykjavíkur

## Mánudagur

Kl. 10 og kl. 11 Salur Tónlistarskólans í Reykjavík Fundur Marc-André Hamelin með íslenskum píanó-kennurum á vegum EPTA. Einnig ætlað áhugafólki.

Kl. 17 Tónlistartorg Kringlunnar Fjölbreytt tónlist í Kringlunni meðan á hátíðinni stendur. Í samstarfi við verkefnið Tónlist fyrir alla.



14.-31. MAÍ